Ed. 452. Frumvarp til laga [237. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Össuri Guðbjartssyni eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi á því verði sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Össur Guðbjartsson, ábúandi og eigandi jarðarinnar Láginúpur í Rauðasandshreppi, leitar eftir kaupum á eyðijörðinni Kollsvík. Hyggst hann sameina hana jörð sinni.

Hreppsnefnd Rauðasandshrepps og Jarðanefnd mæla með umræddri sölu.